

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett sveitarfélaginu samþykkt um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skv. 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Sveitarsjóður innheimtir skráningargjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda og ketti sem leyfi er veitt fyrir, sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

a. Skráningargjald fyrir hund er kr. 2.933.

b. Skráningargjald fyrir kött er kr. 2.933.

Skráningargjald er ekki endurgreitt við afskráningu. Innifalið í leyfisgjaldi er númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Líkt og segir í 3. gr. í samþykkt sveitarfélagsins um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skulu leyfishafar árlega, á tímabilinu október til nóvember, á eigin kostnað færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni í samræmi við ákvæði XV. kafla reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti. Leyfishafar skulu fyrir árslok ár hvert framvísa á skrifstofu hreppsins kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði frá dýralækni um hreinsun og skoðun hunds. Geri leyfishafi það ekki er sveitarfélaginu heimilt að rukka nýtt skráningargjald.

4. gr.

Af hundum og köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Skútustaðahrepps samkvæmt 4. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 22/2017 skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn/kötturinn á ný, kr. 5.356 vegna handsömunar í fyrsta sinn og 10.712 kr. í annað sinn.

Óskráða hunda og ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 13. desember 2017 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 377/2017.

Mývatnssveit, 14. desember 2017.

Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018